

Lagfæringar fyrir 2. umræðu

Eftirfarandi breyting er lögð til í kjölfar viðræðna embættis ríkisskattstjóra við fulltrúa flugfélaga og ferðaskrifstofa. Í þeim viðræðum hefur glögglega komið í ljós að verulegum erfiðleikum er bundið að viðhafa hefðbundnar kröfur um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts vegna sérstakra viðskiptahátta og uppgjöraðferða varðandi sölu flugfarseðla. Sérstakt kerfi, BSP (Bank Settlement Plan), er staðlað kerfi sem flugfélög og ferðaskrifstofur nota til að einfalda uppgjör vegna slíkrar sölu. Til að aðilar geti nýtt sér það hagræði sem felst í þessu kerfi er talið nauðsynlegt að víkja frá þeirri meginreglu virðisaukaskattslaga að sá aðili sem innheimtir skatt skuli jafnframt gera hann upp og skila honum. Veruleg einföldun felst í því að heimila flugfélagi að skila skattinum þó svo að sala fari fram í gegnum ferðaskrifstofur enda séu öll viðskipti tryggilega skráð í áður nefnt BSP-kerfi.

Við 30. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein er orðist svo:

Ný málsgrein bætist við 49. gr. sem verið 3. mgr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að skattskyldur aðili geti, á grundvelli skriflegs samnings, tekið að sér að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila.

Lagfæra þarf upptalningu í D-lið viðauka í 49. gr. vegna tollskrárnúmera sem vantar og tollskrárnúmera sem eru oftalín. Í a-lið eru annars vegar númer úr 17. kafla og hins vegar 19. kafla sem eru ný vegna uppskiptingar eldri númera. Í b-lið eru hins vegar felld brott tvö númer sem ekki eru lengur til vegna tollskrárbreytingar á 19. kafla sbr. a-lið.

Eftirfarandi breyting verði á 49. gr.

- a. Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við D-lið í viðauka I: 1704.9006, 1704.9007, 1905.3011 og 1905.3019.
- b. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr D-lið í viðauka I: 1905.3091 og 1905.3099

Gudjon Reinartsson

Fax 630610

Við 18. gr. frumvarpsins bætist nýr stafliður er verður a. - liður, og breytist röð annarra liða til samræmis við það, er orðast svo:

Við 1. tölul. bætist nýr málslíður er orðast svo:
Flutningur á fólksbifreiðum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.

Kennul á stöð efnismálaá Laugavegi.

Skattaðila sem fengið hefur að niðurfæra skuldir sem færðar hafa verið niður hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 108/1992 eða hefur fengið eftirgefnar skuldir á grundvelli 33. gr. laga nr. 3/1992 er heimilt að fyrna eignir sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr. og tengjast loðdýrabúskap um fjárhæð sem nemur niðurfærslunni eða eftirgjöfnni. Ekki má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessu ákvæði og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.